

Mánudagur 28. september 1981.

Nr. 166/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Sigurði Erni Hjálmtýssyni**

(Jón Bjarnason hrl.).

Skjalafals. Tékkamisferli. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ljósrit nokkurra skjala varðandi viðskipti ákærða við útibú Iðnaðarbanka Íslands h/f í Hafnarfirði, ljósrit úr firmaskrá Reykjavíkur varðandi Fyrirgreiðslustofuna og bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 21. september 1981, um, að ákærði hafi ekki afplánað 15 mánaða fangelsisrefsingu samkvæmt dómi saka-dóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 6. júní 1973.

#### **I.**

Ákæra, dagsett 14. mars 1979.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms varðandi þessa ákæru ber að staðfesta niðurstöðu hans um sakarmat og færslu háttarnis til refsíákvæðis.

Fjárkrafa sú, sem Jóhann Þórðarson héraðsdómslögmaður f. h. Þorleifs Guðmundssonar vegna Fyrirgreiðsluskrifstofunnar hefur gert á hendur ákærða, er skaðabótakrafa, en eigi víxilkrafa. Að því er dráttarvexti varðar er kröfugerðin og samþykki ákærða, er krafan var borin undir hann í saka-dómi 5. desember 1979, eigi tvímællaus. Verða einungis dæmdir af kröfu þessari dráttarvextir, sem greiða bar af skaðabótakröfum á þeim tíma, sem vaxtakrafan tekur til, 20. október 1977 til 24. nóvember 1978. Þeir vextir eru 13% ársvextir frá hinum fyrrgreinda degi til 21. nóvember 1977,

16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvextir frá þeim degi til 24. nóvember 1978.

Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til að greiða Þorleifi Guðmundssyni vegna Fyrirgreiðsluskrifstofunnar 8.376.90 krónur með vöxtum, eins og að framan segir, af 8.303.10 krónum.

## II.

Ákæra, dagsett 30. ágúst 1979.

Ávísun þá, sem fyrsti töluliður ákæru þessarar fjallar um, gaf ákærði út í marsmánuði 1978. Hlaupareikningi nr. 390 við Iðnaðarbanka Íslands h/f í Hafnarfirði, sem ávísun þessi var gefin út á, var lokað í aprílmánuði sama ár. Ákærði heldur, að hann hafi notað ávísunarfjárhæðina til þess að kaupa bensín, en það fær tæplega samrýmst því, að afurðadeild SÍS framselur ávísunina til banka, og aðrir handhafar eru ekki skráðir á hana. Engin gangskör hefur verið gerð að því að reyna að rekja feril ávísunarinnar. Er því óvíst, hvaða viðskiptum útgáfa var tengd. Þykir ákærði eiga að njóta þess vafa, sem á því leikur, hvaða viðskipti lágu að baki. Ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1930. Hins vegar varðar atferli hans við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um annan og þriðja lið ákæru þessarar með þeim breytingum að því er skaðabætur varðar, sem leiða af gjaldmiðilsbreytingu um áramót 1980/1981.

## III.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 6. júlí 1973 er óafplánaður og hafði því ítrekunaráhrif, þegar ákærði framdi brot sín.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 255. gr. og 71. gr. sömu laga, fangelsi í 6 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Örn Hjálmtýsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði Þorleifi Guðmundssyni vegna Fyrirgreiðsluskrifstofunnar 8.376.90 krónur með 13% ársvöxtum af 8.303.10 krónum frá 20. október 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 24. nóvember 1978.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabótageiðslur að öðru leyti, sakarkostnað og málsvarnarlaun eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. janúar 1980.**

Ár 1980, fimmtudaginn 17. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 17/1980: Ákærvaldið gegn Sigurði Erni Hjálmtýssyni, sem tekið var til dóms 14. þ. m.

Málið er fyrst höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. mars sl., „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Sigurði Erni Hjálmtýssyni, Hrefnugötu 5, Reykjavík, fæddum þar í borg 28. maí 1918, fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að rita heimildarlaust nafn Óskars Sigurðssonar, Eyrarseli 1 (sic), Stokkseyri, á eftirtalda bríá víxla sem samþykkjanda og selja síðan víxlana Þorleifi Guðmundssyni á Fyrirgreiðsluskrifstofunni, Vesturgötu 17, Reykjavík, sem síðan er útgefandi og framseljandi þeirra, en ákærði ábekingur:

1. Víxill, að fjárhæð kr. 300.000. Enginn útgáfudagur, en gjald-

dagi 20. október 1977. Greiðslustaður í Verzlunarbanka Íslands hf., Reykjavík.

2. Vixill, að fjárhæð kr. 300.000. Útgáfudagur 20. september 1977, en galddagi 20. október 1977. Greiðslustaður í Landsbanka Íslands, Selfossi.

3. Vixill, að fjárhæð kr. 230.310. Sami útgáfudagur, gjalddagi og greiðslustaður.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Þá er málið höfðað gegn ákærða með ákæru, dagsettri 30. ágúst sl., „fyrir að gefa út á árinu 1978 þrjá tékka á reikning sinn nr. 390 í Iðnaðarbanka Íslands hf., útibúið í Hafnarfirði, og nota í viðskiptum, þrátt fyrir að innstæða væri ekki á reikningnum og honum lokað 6. apríl 1978.

1. Nr. 82061, kr. 11.000, útgefinn 22. mars. Seldur afurðasölu SÍs.

2. Nr. 82089, kr. 30.000, útgefinn 1. nóvember. Seldur kunningja ákærða fyrir peninga.

3. Nr. 82093, kr. 190.000, útgefinn 15. ágúst. Seldur kunningja ákærða fyrir peninga.

Teljast verknaðir þessir varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1939 16/6 Reykjavík: Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 255. gr. almennra hegningarlaga og 6. gr. laga nr. 51/1928.

1940 24/8 Revkiavík: Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 36. gr. lögreglusambykktar Reykjavíkur.

1941 17/4 Revkiavík: Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 32. gr. og 31. gr., 1. mör., lögreglusambykktar Revkiavíkur.

1942 8/12 Revkiavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusambykktar Revkiavíkur.

1944 15/11 Revkiavík: Dómur aukaréttar Revkiavíkur: 3ía mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

- 1947 10/12 Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1948 15/3 Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1948 19/11 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1951 10/12 Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1952 17/11 Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1953 29/10 Reykjavík: Áminning fyrir bifreiðalagabrot.
- 1954 25/2 Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga og 27. gr. bifreiðalaga.
- 1955 11/2 Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
- 1959 18/2 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár frá 18. febrúar 1959, fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.
- 1959 10/10 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1961 7/9 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarbrot.
- 1962 12/12 Reykjavík: Dómur, 7 mánaða fangelsi fyrir brot á 247. gr. hegningarlaga.
- 1963 26/4 Reykjavík: Dómur Hæstiréttar í sama máli: Fangelsi í 4 mánuði fyrir brot á 2. mgr. 247. gr. hegningarlaga.
- 1964 19/2 Reykjavík: Sátt, 350 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
- 1964 10/3 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
- 1969 6/1 Gullbringu og Kiósarsvslu: Dómur: Fangelsi í 2 mánuði fyrir brot á 247., 248. og 261. gr. hegningarlaga.
- 1968 11/9 Gullbringu- og Kiósarsvsla: Sátt, 1.600 kr. sekt fyrir brot á 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, 1. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 58/1931. sbr. reglugerð nr. 6/1966.
- 1973 6/6 Gullbringu- og Kiósarsvsla: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 247., 248. og 261. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Ákæra, dagsett 14. mars 1979.

Með bréfi, dags. 24. nóvember 1978, kærði Jóhann Þórðarson héraðsdómslögmaður til rannsóknarlögreglu ríkisins út af fölsun

á nafni Óskars Sigurðssonar, Stokkseyri, sem samþykkjanda á 3 víxlum, er í kærinni greinir. Segir í kærinni á þessa leið:

„Jafnframt því að senda yður, herra rannsóknarlögreglustjóri, hjálagða þrjá víxla, sem ég lýsi nánar síðar í bréfi þessu, leyfi ég mér að biðja yður að rannsaka, hver hefur ritað nafn Óskars Sigurðssonar sem samþykkjanda á víxla þessa, en Óskar hefur lýst því yfir við Landsbankann á Selfossi, þar sem víxlar þessir voru til innheimtu, að nafn sitt sé falsað. Sterkur grunur er fyrir því, að Sigurður Örn Hjálmtýsson, Aratúni 27, Garðabæ, hafi ritað nafn Óskars.

Finnist sá, sem framkvæmt hefur verknað þennan, geri ég kröfu til þess, að honum verði refsað eins og lög mæla fyrir um.

Fallist hinn seki hins vegar á að greiða andvirði víxlanna, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, get ég fallist á fyrir mitt leyti, að refsing verði látin falla niður.

Skuld skv. víxlum þessum er í dag með áföllnum dráttarvöxtum og kostnaði kr. 1.287.740.00.

Krafan sundurliðast þannig:

|  |     |           |
|--|-----|-----------|
| Víxill útg. 20/9 '77 pr. 20/10 '77 ..... | kr. | 300.000   |
| Víxill útg. 20/9 '77 pr. 20/10 '77 ..... | —   | 230.310   |
| Víxill útg. pr. 20/10 '77 .....          | —   | 300.000   |
| Bankakostnaður .....                     | —   | 7.380     |
| 3% drv. frá 20/10 '77 til dags. d. ....  | —   | 384.730   |
| innheimtulaun skv. gjaldskrá LMFÍ .....  | —   | 101.320   |
| Samtals                                  | kr. | 1.287.740 |

Víxlarnir eru allir útg. og ábektir af Þorleifi Guðmundssyni, Vesturgötu 17, Reykjavík. Greiðslustaður tveggja víxlanna kr. 300.000 og 230.310 er í Landsbankanum á Selfossi, en þess þriðja í Landsbankanum í Reykjavík. Eins og fyrr greinir, er nafn Óskars Sigurðssonar ritað á alla víxlana sem nafn samþykkjanda.

Umráðamaður víxlanna er Fyrirgreiðsluskristofan, Vesturgötu 17, Revkiavík, og er krafa þessi gerð fyrir hennar hönd.“

Verður nú gerð grein fyrir framangreindum víxlum, en frumrit þeirra hafa verið lögð fram í málinu:

1. Nr. 149497, að fjárhæð kr. 300.000, án útgáfudags, en með gjalddaga 20. október 1977. Víxillinn á að greiðast í Verzlunarbanka Íslands h/f, Reykjavík.

2. Nr. 149496, að fjárhæð kr. 30.000, útgefinn 20. september

1977, en með gjalddaga 20. október sama ár. Vixillinn á að greiðast í Landsbanka Íslands, Selfossi.

3. Nr. 149495, að fjárhæð kr. 230.310, útgefinn 20. september 1977, en með gjalddaga 20. október sama ár. Vixillinn á að greiðast í Landsbanka Íslands, Selfossi.

Á alla víxlana er ritað samþykki Óskars Sigurðssonar, en útgefandi og ábekingur á þeim er Þorl. Guðmundsson, Vesturgötu 17, R. Víxlarnir voru allir afsagðir 24. október s. á., vegna greiðslufalls, eftir kröfu Landsbanka Íslands, Selfossi, og endursendir Fyrirgreiðsluskrifstofunni, Reykjavík, sem Þorleifur rekur, 26. s. m. með þeim ummælum, að greiðandi, Óskar Sigurðsson, Eyrarseli 1, Stokkseyri, telji víxlana falsaða.

Þorleifur Guðmundsson, Grenimel 4 hér í borg, er rekur Fyrirgreiðsluskrifstofuna að Vesturgötu 17, mætti til skýrslugjafar hjá rannsóknarlögreglunni 6. desember 1978 vegna framangreindrar kæru. Vitnið hefur skýrt frá því, að ákærði, Sigurður Örn Hjálm-týsson, hafi komið til þess með umrædda víxla og beðið það að kaupa þá. Víxlarnir voru algerlega óútfylltir að öðru leyti en því, að nafnið á samþykkjanda, Óskar Sigurðsson, var komið á þá. Vitnið hafði samband við Landsbankann á Selfossi, þar sem nefndur Óskar á heima á Stokkseyri, og spurði um hann. Vitnið fékk þar þær upplýsingar, að hann væri alveg öruggur maður í peningamálum.

Ákærði, Sigurður Örn, hafði áður talað við vitnið um, að það hjálpaði honum til að leysa út hiólbarða, sem hann hafði flutt inn og átti í Tollvörugeymslunni. Féllst vitnið af þeim sökum á að kaupa þessa víxla af honum. Jafnframt sýndi ákærði vitninu nótu, þar sem tilgreind var sala á ákveðnu magni af hjólbörðum til nefnds Óskars Sigurðssonar, en andvirði þeirra átti að vera á víxlunum. Sagði ákærði, að hann ætlaði að hitta mann þennan inni í Sandsölu hér í borg rétt á eftir og þá mundi hann skrifa nafn sitt á víxlana sem samþykkjandi. Ákærði kvaðst mundu koma strax aftur með víxlana til vitnisins. Þegar hann kom aftur, sýndi hann vitninu, að Óskar hefði skrifað undir nótuna: „Móttekið Óskar Sigurðsson.“

Vitnið setti víxla þessa síðan í banka. Þeir voru ekki greiddir, og var því tilkynnt, að þeir væru falsaðir. Vitnið hafði þá samband við samþykkjandann, Óskar Sigurðsson, og leitaði upplýsinga. Hann kvaðst aldrei hafa skrifað nafn sitt á víxla þessa, og sagðist hann aldrei mundu setja nafn sitt á pappíra, sem ákærði

hefði með að gera, þar sem hann hefði svikið sig í viðskiptum fyrir nokkrum árum.

Vitnið talaði við ákærða á skrifstofu þess, þegar víxlarnir voru komnir aftur til þess, og það bað hann um skýringu á þessu. Hann sagði aðeins: „Maður verður að bera ábyrgð á sínum víxlum“ og skrifaði síðan nafn sitt aftan á þá.

Vitnið kveðst gera þær kröfur á hendur ákærða, að hann greiði því víxla þessa og allan þann kostnað, sem af þessu hefur hlotist.

Vitnið Óskar Sigurðsson, Eyjaseli 1, Stokkseyri, mætti hjá rannsóknarlögreglunni til yfirheyrslu 16. janúar 1979. Voru því sýndir framangreindir víxlar, sem það er skráð samþykkjandi á. Vitnið kvað nafn sitt falsað á víxlunum. Það hefði ekki skrifað það sjálf og ekki gefið leyfi til þess, að það væri notað þar. Vitnið kveðst þekkja ákærða, Sigurð Örn Hjálmtýsson. Það hafi þó aldrei átt nein viðskipti við hann og hafi slíkt aldrei komið til tals. Það mundi heldur alls ekki nein viðskipti vilja við hann eiga.

Ákærði, Sigurður Örn Hjálmtýsson, mætti hjá rannsóknarlögreglunni til yfirheyrslu 28. desember 1978 og fyrir dómi 5. desember 1979 vegna framangreindra víxla. Verður nú framburður ákærða rakinn. Ákærða voru sýndir víxlarnir með nafni Óskars Sigurðssonar á sem samþykkjanda, en þeir eru sem hér segir:

1. Vixill að fjárhæð kr. 300.000, án útgáfudags, með gjalddaga 20. október 1977. Greiðslustaður í Verzlunarbanka Íslands í Reykjavík.

2. Vixillinn að fjárhæð kr. 300.000, útgefinn 20. september 1977, með gjalddaga 20. október 1977. Greiðslustaður í Landsbanka Íslands á Selfossi.

3. Vixill að fjárhæð kr. 230.310, með sama útgáfudag, gjalddaga og greiðslustað og vixill í 2. tl.

Ákærði kannaðist við að hafa falsað nafn Óskars Sigurðssonar sem samþykkjanda á víxlunum. Ákærði kvaðst hafa verið í mikilli fjárþröng og gripið til þessa ráðs. Fór hann með víxlana á Fyrirgreiðsluskrifstofuna á Vesturgötu 17 og seldi þá þar. Kaupandinn, Þorleifur Guðmundsson, spurði ekki, hver hefði skrifað á víxlana, og ákærði greindi honum ekki frá því. Ákærði notaði það, er hann fékk fyrir víxlana, í eigin þágu.

Hjá rannsóknarlögreglu sagði ákærði, að hann hefði í fyrstu ætlað að stofna til viðskipta við Óskar Sigurðsson, sem væri honum kunnugur, en þau viðskipti hafi ekki gengið saman með þeim.

Fyrir dómi sagðist ákærði þekkingi Óskar Sigurðsson og hafa átt viðskipti við hann.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða var kynnt í dómi bótakrafa frá Þorleifi Guðmundssyni, samtals að fjárhæð kr. 1.287.740. Ákærði samþykkti að greiða andvirði víxlanna, sem er samtals að fjárhæð kr. 830.310, bankakostnað kr. 7.380 og 3% dráttarvexti frá 20. október 1977, svo sem í skaðabótakröfu Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns greinir, en það eru kr. 348.730.

Í málsvörn hefur verjandi ákærða mótmælt því, að sakadómur fjalli um þessa bótakröfu á hendur ákærða, og segir, að samþykki hans á kröfunni sé dregið til baka.

Ekkert er fram komið í máli þessu, sem þykir mæla gegn því, að dómur verði lagður á bótakröfu Þorleifs Guðmundssonar á hendur ákærða í máli þessu, enda rekur Þorleifur Fyrirgreiðsluskrifstofuna og er eigandi hennar. Þykir rétt að taka kröfuna til greina að því er varðar andvirði víxlanna, samtals kr. 830.310, bankakostnað, samtals kr. 7.380, og 3% dráttarvexti frá 20. október 1977 til 24. nóvember 1978, kr. 348.730, eða samtals kr. 1.186.420, og dæma ákærða til að greiða Þorleifi þessa fjárhæð. Kröfu Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns um innheimtu laun, kr. 101.320, vegna kröfunnar er vísað frá sakadómi, sbr. 145. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ákæra, dagsett 30. ágúst 1979.

1. Hinn 23. mars 1979 kærði Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður til rannsóknarlögreglu ríkisins f. h. Sambands íslenskra samvinnufélaga út af innstæðulausri ávísun að fjárhæð kr. 11.000, sem út gefin var 22. mars 1978 af ákærða, Sigurði Erni Hjalmtýssyni, á vegum fyrirtækisins Króms & Stáls. Ávísunin, sem er nr. 82061, var gefin út til handhafa á hlaupareikning nr. 390 við Iðnaðarbanka Íslands h/f, útibúið í Hafnarfirði. Á bakhlið ávísunarinnar er framsal frá afurðasölu Sambands íslenskra samvinnufélaga. Þar stendur og, að ávísunin hafi verið sýnd í greiðslubanka 28. mars framangreint ár, en innstæða ekki verið næg og að framangreindum hlaupareikningi hafi verið lokað 6. apríl 1978. Í kærinni er ákærði kærður til refsingar lögum samkvæmt, og einnig er þess krafist, að hann verði dæmdur til að greiða Sambandi ís-

lenskra samvinnufélaga fjárhæð ávísunarinnar ásamt 3% dráttarvöxtum á mánuði frá útgáfudegi hennar.

Ákærði mætti hjá rannsóknarlögreglunni til yfirheyrslu vegna framangreindrar kæru hinn 11. maí 1979. Hann kvaðst kannast við ávísun þá, er þar greinir, og þekkja rithönd sína á henni. Ákærði kvað sér ekki hafa verið kunnugt um, að innstæða var ekki til fyrir ávísuninni, en hann eigi það til að vera trassi með að færa inn í tékkheftið útskrifaðar ávísanir. Ákærða minnir, að hann hafi notað ávísunina til greiðslu bensíns á bifreið, en hann kunni enga skýringu á því, af hverju hún hafi lent hjá afurðasölu Sambands íslenskra samvinnufélaga. Ákærði greiddi ávísunina ásamt dráttarvöxtum, kr. 4.730, sama dag og hann var yfirheyrður.

Ákærði hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann viðurkenni að hafa farið yfir innstæðuna á reikningnum, þegar hann gaf ávísunina út. Hann kveður skýringuna vera þá, að útibússtjórinn í framangreindum banka hafi lofað sér láni að fjárhæð kr. 750.000. Lét hann kr. 300.000 ganga inn á reikning ákærða við bankann, og ávísaði ákærði á þá fjárhæð. Eftirstöðvarnar, kr. 450.000, varð að samkomulagi að gengju ekki inn á reikninginn að svo stöddu, og átti það ekki að gerast fyrr en upp úr mánaðamótunum mars/apríl. Ákærði kveðst engu að síður hafa ávísað á reikninginn, eins og að framan greinir, þótt honum væri ljóst, að innstæða væri ekki fyrir hendi. Ákærði telur, að hann hafi notað ávísunina til að greiða með henni bensín á bifreið.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans fyrir dómi og öðrum gögnum málsins þykir varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Hinn 18. desember 1978 kærði máflutningsskrifstofa hæstaréttarlögmanna Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar ákærða, Sigurður Örn, til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna útgáfu ávísunar nr. 0082089, að fjárhæð kr. 30.000. Samkvæmt ávísun þessari er hún út gefin til handhafa af ákærða í Hafnarfirði 1. nóvember 1978 á hlaupareikning nr. 390 við útibú Iðnaðarbanka Íslands h/f þar í bænum. Á ávísunina er stimplað framsal frá Hótel Esju hér í borg og beðið um, að andvirðið verði lagt inn á hlaupareikning nr. 2901 við Búnaðarbanka Íslands. Háaleitisútbú. Á bakhlið ávísunarinnar er stimpill útibúsins um, að hún hafi verið greidd þar 6. nóvember 1978. Þá er og stimpill frá Iðnaðarbanka Íslands, útibúinu í Hafnarfirði, um, að ávísuninni

hafi verið framvísað þar sama dag, en innstæða ekki verið næg á reikningnum til greiðslu hennar. Á ávísunina er skráð, að reikningi þeim, sem hún er gefin út á, hafi verið lokað 6. apríl 1978.

Í framangreindu bréfi segir, að sú krafa sé gerð fyrir hönd eiganda ávísunarinnar, Hótel Esju h/f, að útgefanda ávísunarinnar, ákærða Sigurði Erni, verði refsað skv. 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, og að hann verði auk þess dæmdur til greiðslu hennar ásamt dráttarvöxtum frá útgáfudegi.

Ákærði mætti til skýrslugjafar hjá rannsóknarlögreglunni vegna framangreindrar ávísunar 17. janúar 1979 og kom fyrir dóm 6. nóvember sama ár.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi gefið nefnda ávísun út 1. nóvember 1978, þótt honum væri ljóst, að innstæða var ekki til fyrir henni og búið að loka reikningi hans. Ákærði kveður ávísunina þannig til komna, að hann hafi fengið lán að fjárhæð kr. 30.000 hjá Guðmundi Þórðarsyni, sem rekur fasteignasölu „Skúlatún“. Til tryggingar greiðslu lánsins lét ákærði Guðmund hafa ávísunina. Ákærði kveður ávísunina aldrei hafa átt að fara í banka, enda hafi hann skýrt Guðmundi frá því, að engin innstæða væri til fyrir henni og reikningi ákærða hefði verið lokað. Ákærði kveður ekkert hafa verið um það samið milli þeirra Guðmundar, hvenær hann ætti að greiða lánið. Guðmundur hafi sífellt verið að hringja í sig í endaðan nóvember og desember og krefja sig um greiðslu. Hafi ákærði á þessum tíma greitt Guðmundi ávísunina og rúmlega það. Innti hann greiðsluna af hendi með 3 ávísunum, er eiginkona hans gaf út, og var hver að fjárhæð kr. 10.000. Voru tvær gefnar út með nafni Guðmundar að sögn ákærða, en ein á handhafa. Einnig greiddi ákærði Guðmundi kr. 10.000 í peningum og sé því búinn að greiða honum alls kr. 40.000. Guðmundur hafi engu að síður látið ávísunina frá sér. Þykir ákærða líklegt, að Guðmundur hafi sjálfur notað ávísunina á Hótel Esju, þótt hann hafi ekki framselt hana. Ákærði kveðst ekki muna, hvenær greiðslurnar til Guðmundar hafi farið fram, en hann ætli að athuga það. Muni hann hlutast til um að fá ljósrit af ávísunum og koma þeim til rannsóknarlögreglunnar.

Ákærði kvaðst vilja geta þess, að hinn 16. janúar 1979 hafi Guðmundur Þórðarson hringt í sig og verið að rukka sig um þessa ávísun. Hafi hann jafnframt verið að hóta sér því að kæra þetta til rannsóknarlögreglunnar. Af hálfu ákærða hafa aldrei verið lögð fram nein gögn til stuðnings því, er að framan greinir.

Guðmundur Þórðarson framkvæmdastjóri, Háaleitisbraut 115,

hefur mætt sem vitni í máli þessu. Vitnið kveðst þekkja ákærða, Sigurð Örn Hjálmtýsson. Vitnið kveður ákærða hafa komið til sín 1. apríl 1978 og sagst vera í peningavandræðum. Það hann vitnið um að lána sér 30.000 kr. Varð vitnið við því og lánaði ákærða þessa fjárhæð með ávísun, er út gefin var á ávísanareikning eigin konu vitnisins nr. 4068 við Búnaðarbanka Íslands, Laugavegi 120. Til tryggingar láninu lét ákærði vitnið fá ávísunina, er í 2. lið ákæru hér að framan greinir. Vitnið kveður ákærða hafa sagt, að innstæða yrði til fyrir henni eftir 2—3 daga. Vitnið kannaði þetta að þeim tíma liðnum, en engin innstæða reyndist vera fyrir hendi. Vitnið geymdi ávísunina þar til í nóvemberbyrjun 1978, en þá lét það hana af hendi á Hótel Esju af algerrri vangá. Ávísunin reyndist innstæðulaus, svo sem hún ber með sér, og búið að loka reikningnum. Vitnið kveður tékann hafa verið gefinn út 1. apríl 1978, en ekki 1. nóvember það ár, eins og á honum stendur. Vitninu var kynntur framburður ákærða og vísaði það til framburðar síns.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans og öðrum gögnum málsins, þykir varða við 73. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, sbr. lög nr. 35/1977, enda er nokkur óvissa um útgáfudag margnefnds tékka, svo sem að framan greinir.

Ákærði hefur samþykkt kröfu Hótel Esju á hendur honum vegna tékkans að fjárhæð kr. 30.000. Verður hún tekin til greina, og ber að dæma ákærða til að greiða hana. Krafa um dráttarvexti er vanreifuð, og er henni vísað frá sakadómi.

Í málsvörn segir svo: „Kröfu Guðmundar Þórðarsonar um bætur frá ákærða er samkvæmt framanrituðu mótmælt, enda styðst hún hvorki við lög né rök.“

Af gögnum málsins verður ekki séð, að nein slík krafa liggi fyrir frá Guðmundi Þórðarsyni.

3. Hinn 15. nóvember 1978 kærði Örn Höskuldsson héraðs-dómslögmaður vegna ávísunar að fjárhæð kr. 190.000, útgefinnar af ákærða í máli þessu, er reynst hefði innstæðulaus við sýningu í greiðslubanka. Ávísun þessi er út gefin í Hafnarfirði 15. ágúst 1978 af ákærða til handhafa á hlaupareikning nr. 390 við Iðnaðarbanka Íslands, útibúið í Hafnarfirði. Á ávísuninni er framsalið Th. Garðarsson h.f. heildverslun. Samkvæmt áritun á ávísunina var henni fram vísað í greiðslubanka 22. ágúst 1978, en innstæða var ekki næg fyrir henni. Önnur áritun er á ávísuninni um, að reikningi þeim, sem hún er gefin út á, hafi verið lokað 10. apríl 1978.

Í framagreindu bréfi Arnar Höskuldssonar er gerð sú krafa, að ákærða verði refsað, svo sem lög standa til, og jafnframt að hann verði dæmdur til greiðslu skaðabóta.

Ákærði Sigurður Örn mætti hjá rannsóknarlögreglunni hinn 28. desember 1978 til skýrslugjafar vegna framangreinds tékka og fyrir dómi hinn 6. nóvember 1979.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann kannist við að hafa gefið tékkann út. Hann kveður Þorstein Garðarsson, Brekkugötu 18 í Hafnarfirði, hafa lánað sér kr. 190.000 í peningum og hafi hann látið Þorstein fá tékkann til tryggingar láninu. Ákærði sagði Þorsteini jafnframt, að engin innstæða væri á reikningnum og búið væri að loka honum. Ákærði kveður ætlun sína hafa verið að greiða Þorsteini lánið og fá tékkann afhentan frá honum. Af því hafi ekki orðið og hafi Þorsteinn látið tékkann fara í umferð.

Vitnið Þorsteinn Garðarsson forstjóri, Brekkugötu 18, Hafnarfirði, mætti hjá rannsóknarlögreglunni vegna máls þessa 30. júlí 1979 og fyrir dómi 7. nóvember sama ár.

Vitnið hefur skýrt frá því, að ákærði, Sigurður Örn, hafi komið til þess um miðjan ágúst 1978 og beðið það að lána sér 190.000 krónur. Vitnið kveðst þekkja ákærða og hafa lánað honum í greiðaskyni framangreinda fjárhæð. Til tryggingar láninu lét ákærði vitnið fá ávísun með sömu fjárhæð og sagði, að það mætti framselja hana í banka föstudaginn 18. sama mánaðar. Ákærði nefndi ekki, að búið væri að loka ávísanareikningnum, og komst vitnið ekki að því fyrr en síðar. Vitnið framvísaði ávísuninni í banka 22. ágúst 1978, en skömmu síðar kom í ljós, að reikningnum hafði verið lokað, og varð vitnið að leysa til sín ávísunina. Vitnið kveðst hafa hringt til ákærða margsinnis, áður en til kæru kom í málinu, og eins hitt hann að máli. Hafi ákærði lofað að greiða, en ekkert orðið úr því.

Vitninu var kynntur framburður ákærða. Vitnið kvað það ekki rétt, er í framburðinum greinir, að ákærði hafi sagt, að búið væri að loka reikningnum. Vitnið kvaðst halda fast við framangreindan framburð sinn.

Ákærða var kynntur framburður Þorsteins Garðarssonar. Hann kvað framburðinn ekki réttan og kvaðst halda fast við framburð sinn.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með framburði hans, framburði vitnisins Þorsteins Garðarssonar og öðrum gögnum málsins, þykir varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þorsteinn Garðarsson hefur gert þá kröfu fyrir dómi, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum kr. 190.000 ásamt 3% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 22. ágúst 1978 til greiðsludags.

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa fyrir dómi. Í málsvörn er því hins vegar haldði fram, að ekki eigi að taka bótakröfu til greina í þessu tilviki.

Framangreind bótakrafa verður tekin til greina í máli þessu skv. framansögðu, og ber að dæma ákærða til að greiða hana.

Refsing ákærða þykir hæflega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sakavottorði hans 3 mánaða fangelsi.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð til skipaðs verjanda síns Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Örn Hjálmtýsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum aðiljum sem hér segir:

Þorleifi Guðmundssyni kr. 1.186.420.

Hotel Esju h/f kr. 30.000.

Þorsteini Garðarssyni kr. 190.000 auk 3% dráttarvaxta á mánuði eða brot úr mánuði frá 22. ágúst 1978 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð til skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.